

Styrkveiting úr kennslumálasjóði 2020 – Leið A

Styrkhafi: Ragna Kemp Haraldsdóttir, lektor í upplýsingafræði við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið.

Netfang: rh@hi.is

Markmið og nýmæli

Markmið verkefnis var að marka nýtt verklag í kennslu í upplýsingafræði með því að auka vægi fjarnáms í námskeiðum. Lögð var áhersla á námskeið sem tengjast upplýsinga- og skjalastjórn, þekkingar- og gæðastjórnun sem og lagaumhverfi og upplýsingaöryggi. Tilgangurinn var í anda faggreinarinnar, þ.e. að vinna að stöðugum umbótum svo upplýsingafræðin geti áfram verið drifkraftur nýrrar þekkingar og undirstaða framfara og virkrar þátttöku Háskólans í samfélagi og atvinnulífi. Þessi markmið eru í anda stefnu Háskóla Íslands frá árunum 2016-2021 þar sem lögð var áhersla á stöðuga þekkingarleit, fagmennsku og metnað starfsfólks til að stuðla að framförum og viðhalda trausti samfélagsins á háskólanum.

Nýmæli verkefnisins fólust í því að umsækjandi fékk til liðs við fræðigreininna sérfræðinga á sviði starfrænnar framtíðar, hugbúnaðarþróunar, persónuverndar og upplýsingaöryggis. Þeir aðilar sem höfðu sýnt verkefninu áhuga áður en sótt var um styrk voru verkefnastofa um Stafrænt Ísland hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Þjóðskjalasafn Íslands, Embætti Landlæknis og Persónuvernd. Enn fremur var gert ráð fyrir að óska eftir samstarfi við einstök fyrirtæki og stofnanir.

Framgangur verkefnis

Úthlutun styrks fór fram í apríl 2020 þegar rétt um þrjú mánuðir voru liðnir frá upphafi COVID-19 heimsfaraldurs sem m.a. olli umtalsverðri uppstokkun á kennslu allra námsbrauta, deilda og sviða innan Háskóla Íslands. Háskólum á Íslandi hafði verið lokað um miðjan mars það ár og fengu kennarar Háskóla Íslands þá það verkefni að færa alla kennslu úr hefðbundnu staðnámi í kennslustofum yfir í fjarnám á örskömmum tíma. Reynsla háskólakennara af rafrænum kennsluháttum var misjöfn á þessum tímamarki og margir sem hófu hraða vegferð upp bratta lærdómskúrfu (Guðrún Geirsdóttir og fl., 2020). Kennarar í upplýsingafræði bjuggu að þeirri reynslu að hafa um árabíl sinnt samhliða staðnámi og fjarkennslu (e. hybrid kennsla) og höfðu þegar fetað sig áfram í átt að meiri fjarkennslu misserin fyrir heimsfaraldur með því að fækka tímum í staðnámi og auka vægi fjarkennslu (Ragna Kemp Haraldsdóttir, 2020). Þær breytingar á kennsluháttum sem urðu vegna heimsfaraldurs og fólu í sér aukin og persónulegri samskipti við nemendur, tæknilegar áskoranir og endurskoðun námsmats, juku vinnuálag kennara. Almenn fólst álag og lærdómur kennara helst í því að tileinka sér notkun ýmis konar hugbúnaðar s.s. Canvas Studio, Zoom, Teams og Inspera til að mæta kröfum um rafræna kennsluhætti.

Sem umsjónarkennari kjörsviðs hafði ég veturinn 2019–2020 umsjón með tveimur fjarnámskeiðum, tveimur námskeiðum í fjarkennslu og staðnámi og einu í staðnámi. Á þessum tímamarki hafði ég um árabíl notað Panopto-upptökur í allri kennslu. Ég hafði síðan fært mig yfir í að nýta aðstöðu Setbergs fyrir kennsluupptökur og fengið leiðsögn í að nota Camtasia upptökuforritið sem hafði gefist vel og aukið gæði kennslunnar. Í heimsfaraldri var þó ekki hægt að mæta reglulega í Setberg og því nauðsynlegt að reyna aðrar leiðir. Samhliða heimsfaraldri hófst innleiðing á Canvas

námsumsjónarkerfinu með litlum prufuhópi sem ég var svo heppin að tilheyra. Fyrst um sinn hlóð ég Camtasia og Panopto upptökum inn á Canvas en þegar leið á misserið fengu kennarar aðgang að Canvas Studio upptökuforriti sem er afskaplega einfalt í notkun. Vegna heimsfaraldurs var öll kennsla í upptöku og þá valdi ég að nota Canvas Studio að heiman eða á skrifstofunni þegar aðstæður leyfðu (Ragna Kemp Haraldsdóttir, 2020). Sem umsjónarkennari kjörsviðs í upplýsingastjórnun bjó ég því að þeirri reynslu að hafa notað alla þessa tæknilegu möguleika áður, en varð samt sem áður að uppfæra kennsluhætti og aðlaga þá betur að þeim aðstæðum sem upp voru komnar. Auk þess þurftu kennarar að endurskipuleggja kennsluáætlanir sem og námsmat og sinna mörgum og ólíkum hlutverkum samtímis. Þessi hlutverk voru m.a. á sviði stjórnunar og kennslufræði auk þess að fela í sér bæði félagslegan og tæknilegan stuðning við nemendur (Guðrún Geirsdóttir og fl., 2020). Þær breytingar sem áttu sér stað vegna heimsfaraldurs voru ekki fyrir séðar þegar sótt var um styrk til kennslumálasjóðs á sínum tíma en urðu til þess að enn mikilvægara varð að bæta og auka vægi fjarkennslu og í raun að hefja þróun á fjarnámi við námsbrautina sem og skólann í heild.

Samhliða heimsfaraldri og örum tæknilegum og félagslegum breytingum á kennsluháttum gekk námsbraut í upplýsingafræði í gegnum ákveðið breytingaferli þegar gerðar voru umtalsverðar uppfærslur á samsetningu kjörsviða og námskeiða fyrir kennsluskrá 2021/2022. Sú vinna fór fram á haustmiseri 2020 og fram á vor 2021. Í stuttu máli var kjörsviðum fækkað úr þremur í tvö, heitum kjörsviða var breytt sem og einingafjöldi nokkurra námskeiða. Þá voru tvö námskeið sameinuð í eitt. Það var gert til að gera námsbrautinni kleift að þróa ný námskeið en þremur nýjum námskeiðum var bætt við námsbrautina, þar af tvö sem voru sérstaklega sniðin að þörfum nemenda sem stunda nám við kjörsviðið Upplýsingastjórnun (áður upplýsinga- og skjalastjórn). Annað með áherslu á persónuvernd og hitt á upplýsingatækni og upplýsingaöryggi. Val nemenda var auk þess aukið innan kjörsviðsins úr 6 einingum í 18 einingar.

Þrátt fyrir fordæmalaust ástand náðist það markmið sem stefnt var að í upphafi, þ.e. að fá ýmsa sérfræðinga til liðs við kennara fræðigreinarinnar á sviði starfrænnar framtíðar, hugbúnaðarþróunar, persónuverndar og upplýsingaöryggis. Í raun má segja að það hafi tekist með ólíkindum vel fyrir alla þessa aðila að finna leiðir til að koma að fjarkennslu með einum eða öðrum hætti og í samræmi við gildandi sóttvarnareglur á hverjum tíma. Þeir aðilar sem höfðu sýnt verkefninu áhuga hafa allir komið að kennslu í hinum ýmsu námskeiðum kjörsviðsins, má þar nefna:

- Verkefnastofa um Stafrænt Ísland hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu.
 - Einar Birkir Einarsson, fv. sérfræðingur hjá verkefnastofunni.
 - Vigfús Gíslason og Vésteinn Viðarsson, sérfræðingar hjá Stafrænu Íslandi.
- Þjóðskjalasafn Íslands
 - Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri og Unnar Ingvarsson, fagstjóri miðlunar á skjala- og upplýsingasviði.
- Embætti Landlæknis
 - Sigríður Haralds Elínardóttir, sviðsstjóri Heilbrigðisupplýsingasviðs ásamt hópi sérfræðinga á vegum embættisins.
- Sérfræðingar í persónuvernd
 - Alma Tryggvadóttir, persónuverndarfulltrúi hjá Landsbankanum og stundakennari við lagadeild HÍ.
 - Helga Grethe Kjartansdóttir, persónuverndarfulltrúi hjá Símanum.

Enn fremur var gert ráð fyrir að óska eftir samstarfi við einstök fyrirtæki og stofnanir sem hefur einnig tekist með ágætum þrátt fyrir takmarkanir vegna sóttvarnaðgerða. Námsbrautin hefur átt afar mikilvægt og faglegt samstarf við sérfræðinga í upplýsingastjórnun hjá Landsneti, Arion banka, Verði, Sjóvá, Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ og Forsætisráðuneytinu auk fleiri aðila ásamt sjálfstætt starfandi

sérfræðingum á sviði upplýsingaöryggis og upplýsingastjórnunar. Þessi sérfræðingar hafa ýmist komið að kennslu eða veitt nemendum möguleika á starfsreynslu á sviði upplýsingastjórnunar. Þá hefur námsbrautinni einnig tekist að koma á samstarfi við sérfræðinga á öðrum sviðum Háskólans og stuðlað þannig að þverfaglegri kennslu á sviði upplýsingafræði og tölvunarfræði, sem og upplýsingafræði og lögfræði. Sú þróun sem hefur átt sér stað innan upplýsingafræði með aðkomu ólíkra sérfræðinga að kennslu og með styrkingu fjarkennslu hefur einnig nýst á öðrum námsleiðum þar sem fræðilegar forsendur og aðferðir upplýsingastjórnunar eru kenndar, svo sem innan læknadeildar í námsbraut í heilbrigðisgagnafræði. Það má því fullyrða að sá styrkur sem hlaust frá kennslumálasjóði vorið 2020 hafi bæði stutt við nýtt verklag og gert umsjónarkennara kjörsviðsins betur kleift að vinna að nauðsynlegum umbótum á námsbrautinni.

Að lokum

Það er fjölbreyttur hópur nemenda sem stundar nú nám í Háskóla Íslands. Margir þeirra hafa alist upp í stafrænum heimi og aðrir ákveða að taka stóra skrefið síðar á ævinni og skrá sig í háskólanám eftir nokkurt námshlé. Mikilvægt er að við komum til móts við ólíkar þarfir eins og hægt er og tökum þróun kennsluhátta fagnandi. Það er mikilvægt að við lærum af reynslunni og þeirri bröttu lærdómsbrekku sem mörg okkar hafa þurft að klífa undanfarin misseri. Fræðasvið, deildir og/eða námsbrautir mættu, nú þegar reynslan af fjarkennslu – og skipulögðu fjarnámi – hefur náð að síast inn í daglegan veruleika kennara og nemenda, leggja áherslu á að samræma kennsluhætti eins og hægt er innan námsgreina. Aðkoma sérfræðinga að kennslu og samspil fagþekkingar okkar kennara við sérfræðipekkingu úr atvinnulífinu getur aukið gæði náms og verið það samtál sem við viljum ná við samfélagið í heild. Fagleg framsetning kennsluefnis með upptökum og/eða streymiskennslu er þarna lykilatriði. Þá er mikilvægt að stuðla að stöðugum umbótum því góða upptöku má yfirleitt bæta með ýmsu móti. Eins og fram kom í grein minni í tímariti kennslumiðstöðvar (2020) er ágætt að miða við að þá einföldu þumalfingurreglu að útbúa kennsluefni sem við sjálf getum hugsað okkur að hlusta og/eða horfa á. Það er einn þáttur í velgengni Háskóla Íslands á þeirri vegferð að vekja og viðhalda áhuga nemenda og ýta undir lærdóm sem drifkraftur nýrrar þekkingar og undirstaða framfara í landinu.

Heimildir:

Guðrún Geirsdóttir, Marco Solimene, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Thamar Heijstra (2020). *Surfing a Steep Learning Curve: Academics' experience of changing teaching and assessment due to COVID-19. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*, 1-19.

Ragna Kemp Haraldsdóttir (2020). Að nýta upptökur í kennslu - kostir og gallar, *Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands - Kennsluþróun á krossgötum*, Vol. 8(1), 56-58.